

Úttekt á verkefninu Saman gegn ofbeldi 2015–2025

Í tilefni af tíu ára afmæli verkefnisins Saman gegn ofbeldi var gerð sjálfstæð úttekt á þróun þess, árangri og framtíðarforsendum. Úttektin byggir á viðtölum við fulltrúa allra samstarfsaðila, greiningu gagna og rýni í skjöl og verklag, og er unnin með hliðsjón af alþjóðlegum matsviðmiðum (OECD-DAC).

Helstu niðurstöður

1. Verkefnið hefur þróast úr átaki í varanlegan innvið

Samán gegn ofbeldi hefur á tíu árum þróast úr tímabundnu samstarfsverkefni í fastan samráðsvettvang sem hefur haft raunveruleg áhrif á verklag, þjónustu og stefnumótun. Samstarfið er orðið kerfisbundið og samþætt hluti af viðbrögðum við heimilisofbeldi á höfuðborgarsvæðinu.

2. Verklag í útköllum hefur styrkst og börn eru sýnilegri

Innleiðing kerfisbundinnar aðkomu barnaverndar í útköllum hefur breytt framkvæmd á vettvangi. Börn sem verða vitni að ofbeldi eru nú skilgreind og meðhöndluð sem þolendur, og sálfræðiþjónusta er markvissari en áður. Þetta er ein skýrasta kerfisbreyting verkefnisins.

3. Þjónusta við konur er samhæfðari og samfella sterkari

Tengsl milli lögreglu, félagsþjónustu og Kvennaathvarfs hafa styrkst. Eftirfylgni er markvissari og þjónustuinnviðir hafa verið efldir á tímabilinu. Verkefnið hefur þannig stuðlað að meiri samfelli í þjónustu við þolendur.

4. Stýrihópurinn er lykilforsenda árangurs

Greiningin sýnir að reglulegt og virkt samráð í stýrihópi er burðarás verkefnisins. Þar tengjast ábyrgð, þekking og ákvarðanir þvert á kerfi. Traust, regluleg eftirfylgni og skýr ábyrgð hafa verið lykilþættir í árangri.

5. Eftirfylgni skýrir árangur – og viðkvæmni

Reynslan sýnir að þar sem regluleg eftirfylgni er til staðar festist verklag í sessi. Þar sem hún minnkar veikist innleiðing. Upphaflegar væntingar um að hægt væri að draga úr eftirfylgni þegar verklag væri orðið rótgróið hafa ekki gengið eftir. Ástæður þess eru einkum kerfisbundnar: starfsmannavelta, álag og breyttar áherslur.

6. Verkefnisstjórn er lykilinnviður

Hlutverk verkefnisstjóra/verkefnisstýru hefur reynst lykilforsenda samfellu og framkvæmdar. Minnkun utanumhalds eða starfshlutfalls myndi að mati viðmælenda fela í sér raunverulega áhættu fyrir verkefnið.

7. Sjálfbærni er ekki sjálfgefin

Verkefnið er sjálfbært að því marki sem virk verkefnisstjórn, reglulegt samráð og pólitískur vilji haldast óbreytt. Árangur í málaflakki sem þessum er ekki sjálfgefinn heldur krefst stöðugrar rýni og meðvitaðrar ákvörðunar um áframhaldandi stuðning.

Meginniðurstaða

Saman gegn ofbeldi hefur haft bæði bein áhrif á framkvæmd og viðtækari kerfislæg áhrif á stefnumótun og viðhorf. Verkefnið er orðið mikilvægur innviður í baráttunni gegn heimilisofbeldi.

Á þessum tímamótum snýst áskorunin ekki um hvort verkefnið hafi skilað árangri – heldur hvernig tryggja megi að sá árangur verði varanlegur og þróist áfram.